

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting – Votmúli 1, Múli 1-8.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 26. mars 2025 breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Votmúla 1. Breytingin gerir ráð fyrir að fjölga lóðum úr tveimur í sex og stækka þar með skipulagssvæðið úr 20 ha í 41,2 ha. Á lóðunum Múli 1-8 verður heimilt að vera með íbúðarhúsnæði og hesthús ásamt starfsemi sem tengist hrossarækt. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum innan hverrar lóðar.

Aðkoma að lóðum er í gegnum afleggjara við Votmúla sem tengist Votmúlavegi nr. 310.

Deiliskipulagsbreyting – Byggðarhorn, Búgarðar, Litla-Kot I og II (lóð 54).

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 19. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi búgarðabyggðar Byggðarhorns, Búgarðar. Breytingin nær til lóðar nr. 54 sem hefur fengið heitið Litla-Kot. Lóðinni verður skipt í tvær lóðir, Litla-Kot I og Litla-Kot II. Aðkoma að lóðum er frá heimreið, sem tengjast Byggðarhornsvegi (3081) sem er héraðsvegur.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 9. febrúar 2026.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. febrúar 2026